# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

*Deiliskipulag, Mánastaðir 1 og 2 og Kambastaðir.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. ágúst 2019, nýtt deiliskipulag fyrir Mánastaði 1 og 2 og Kambastaði í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið er 3,3 ha að stærð og tekur til þriggja íbúðarhúsa og eftir aðstæðum annarra bygginga í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022.

Landið hefur ekki verið deiliskipulagt áður.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag, Gljúfurárholt, land 9.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 30. janúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt, land 9 í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið er 17,4 ha að stærð og tekur til þriggja lóða fyrir íbúðarhús og einnar fyrir frístundahús.

Landið hefur ekki verið deiliskipulagt áður.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 28. maí 2020.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2020